

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss á fundi sínum 30. apríl 2015 samþykkt eftirfarandi deiliskipulag og umhverfisskýrslu. Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga. Athugasemdafresti lauk 1. apríl 2015. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum:

Deiliskipulag fyrir aksturskennslusvæði og vélhjólbrautir við Bolaöldur.

Deiliskipulagið nær yfir 650 ha svæðis fyrir akstursæfingar og æfinga- og keppnisbrautir fyrir vélhjóla- og akstursíþróttir. Fyrir liggja umsagnir um svæðið sem er skipulagt. Komnar eru vélhjólbrautir við Bolaöldur, sem starfræktar hafa verið í nokkur ár. Ekki er verið að stækka það svæði. Til viðbótar er verið að taka svæði sem liggur næst Suðurlandsvegi fyrir aksturskennslusvæði. Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 24. júní 2015.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 8. júlí 2015